

Nd.

219. Breytingartillögur

[88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá Skúla Guðmundssyni, Ágúst Þorvaldssyni og Birni Pálssyni.

1. Við 6. gr.
 - a. Á eftir „Nýmjólk“ í 2. tölul. komi: kjöt og fiskur.
 - b. Á eftir 12. tölul. komi nýr töluliður:
Dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar.
 - c. Síðari málsgrein greinarinnar orðist svo:
Endurgreiða skal söluskatt af efni, vinnu, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á rúmlest.
2. Við 17. gr. Við 2. málsg. bætist:
Enn fremur dráttarvélar (traktorar) og heyvinnuvélar svo og vélar í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands.